

Reikningsskilaráð ríkisins

34. Fundur – 4. júní 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Ólafur Hjálmarsson.
- Björn Þór Hermannsson boðaði forföll og Jón Viðar Pálmason sat fundinn í hans stað.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 33. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2018 og innleiðingaráætlun.

Farið var yfir stöðuna á vinnu við ríkisreikning fyrir árið 2018. Búið er að loka öllum liðum og verður handrit sent Ríkisendurskoðun í lok þessarar viku til yfirferðar. Fjársýslan stefnir á að birta Ríkisreikning seinni hluta júní. Farið yfir breytingar sem verða vegna innleiðingar IPSAS. Rætt var framsetning skýringa og séryfirlita. Rætt var mikilvægi að aðlögun milli ríkisreiknings og GFS fjárlagaframsetningar lægi fyrir þegar ríkisreikningur verður birtur.

3. Álit fjárlaganefndar við frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings 2017.

Farið var yfir ábendingar fjárlaganefndar og hvernig brugðist verður við þeim.

4. Tekjuhópur, staðan.

Jón Viðar fór yfir vinnu tekjuhópsins og gerði grein fyrir umfjöllun um eftirtalda liði:

- Umhverfisráðuneytið, hreindýragjald ofl
- Úrvinnslusjóður, beðið eftir svörum erlendis, mengunarskattur er framtíðin og þarf að vanda vel til verka.
- FME, er í skoðun.

5. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 3. júlí kl. 09:00.